

Föstudaginn 27. febr. 1931.

Nr. 76/1930. **Gunnlaugur Guðjónsson**  
 (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**bæjarstjórn Siglufjarðar**  
 (Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar  
 16. ág. 1930: Hið umbeðna lögtak skal fram fara.

### Dómur hæstaréttar.

Með niðurjöfnun útsvara í Siglufjarðarkaupstað fyrir árið 1930 var áfrýjanda máls þessa gert að greiða 5000 kr. útsvar til kaupstaðarins, og er áfrýjandi neitaði að greiða það, var þess krafizt með bréfi, dags. 8. ágúst f. á., að fyrri helmingur útsvarsins, 2500 kr. ásamt áföllnum dráttarvöxtum, yrði tekinn lögtaki. Gekk um þetta úrskurður í fúgetarétti Siglufjarðar þ. 16. sm. á þá leið, að lögtakið skyldi fara fram, og var lögtak samstundis gert í eignum áfrýjanda fyrir útsvarshelmingnum.

Þessum fúgetaréttarúrskurði og lögtaksgerð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 9. sept. f. á., og hefir hann krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtakið verði fellt úr gildi, og að hin stefnda bæjarstjórn verði dæmd til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Hin stefnda bæjarstjórn hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á úrskurðinum og lögtakinu og málskostnaðar í hæstarétti.

Umrætt útsvar var lagt á leigutekjur og arð áfrýjanda af hálfri útgerðarstöð á Siglufirði, sem hann er eigandi að.

Er það upplýst, að áfrýjandi átti lögheimili á Ak-

ureyri þegar útsvarið var lagt á hann. Var hann ráðinn starfsmaður annars manns þar með föstu árskaupi og var útsvar lagt þar á hann, sem heimilisfastan mann.

Ennfremur er það upplýst, að útsvarsárið, eða árið áður en útsvarið var lagt á, leigði áfrýjandi eigendum nokkurra fiskibáta útgerðarstöðina á Siglufirði og fékk ákveðna leigu fyrir hvern bát, og telur áfrýjandi, að leigutekjur sínar yfir árið hafi samtals numið 8000 kr., er eigi hafi hrokkið til greiðslu vaxtakostnaðar og viðhalds stöðinni.

Er það viðurkennt, að eigendur fiskibátanna hafi haft stöðina ásamt lóðarréttindum á leigu allt árið og öll umráð og afnot hennar.

Samkvæmt þessu hefir áfrýjandi því aðeins haft leigutekjur af útgerðarstöðinni, en hvorki starfrækt hana útsvarsárið né haft önnur afnot hennar og var því ekki heimilt samkv. 8. gr. í lögum nr. 46, 15. júní 1926 að leggja útsvar á hann í Siglufjarðarkaupstað. Verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og lögtaksgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma hina stefndu bæjarstjórn til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 300 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaksgerð er úr gildi felld.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar greiði áfrýjanda, Gunnlaugi Guðjónssyni, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þar sem upplýst er, að lögtakspoli eigi hér útgerðarstöð, er hann leigir út, verður að telja hann lögtaksskyldan hér og að lögtakið eigi því fram að fara.

---

Föstudaginn 27. febr. 1931.

Nr 47/1930. **Margrét Sveinsdóttir**

gegn

**Árna Árnasyni, f. h. db. Jensen-Bjerg.**

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi mætti ekki í málinu og óskaði, að það yrði hafið.

Stefndi samþykkti það og krafðist ómaksbóta.

Þessa kröfu ber að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 50 kr.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Mál þetta er hafið. Áfrýjandi, Margrét Sveinsdóttir, greiði stefnda, Árna Árnasyni, f. h. db. Jensen Bjerg, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 27. febr. 1931.

Nr. 110/1930. **Elínmundur Ólafs**

gegn

**Eggert Kristjánssyni & Co.**

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Elínmundur Ólafs, er eigi mætir í